

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

#### 1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

Minningarsjóðurinn er sjálfseignarsjóður á sviði menningarmála, og starfar nú í samræmi við lög nr. 19/1988 um slíka sjóði og stofnanir og meginreglur laga. Heimili sjóðsins og varnarþing er Reykjavík.

Miningarsjóðurinn er stofnaður með skipulagsskrá samþykktri hinn 18. mars 1965, sem staðfest var af forseta Íslands 23. s.m. Hún var síðar leyst af hólmi með skipulagsskrá staðfestri af forseta Íslands hinn 12. desember 1983, og kemur skipulagsskrá þessi í hennar stað.

Stofnfé Minningarsjóðsins er gkr. 250.000 (kr. 2.500), eins og kveðið er á um í hinum fyrrí skipulagsskrám. Var það að stofni til fölgjóð í gjófum frá leikarahjónunum Poul Reumert og Önnu Borg, tengdasyni og dóttur frú Stefaníu Guðmundsdóttur, sem höfðu það að leiðarljósi að fylgja eftir brautryðjendastarfi hennar í þágu leiklistar á Íslandi. Fé sjóðsins hefur síðan verið aukið með ávöxtum hans og með fjárfamlögum, sem að mestum hluta stafa frá niðjum frú Stefaníu, einkum Geir Borg syni hennar.

Eigið fé sjóðsins samkvæmt ársreikningi við upphaf árs 2017 er kr. 69.858.162.

#### 2. gr.

Tilgangur Minningarsjóðsins er að efla leiklist á Íslandi með því fyrst og fremst að veita íslenskum sviðslistamönnum (leikur um og leikstjórum) styrki til framhaldsnáms og kynnisferða erlendis og hérlandis í leik og leikstjórn, jafnframt því að veita þeim viðurkenningu fyrir framúrskarandi listraðna hæfileika á leiksviði.

Ekki er hægt að sækja um styrki úr Minningarsjóðnum, heldur veitir sjóðstjórnin árlega einum eða fleiri sviðslistamönnum (leikurum og leikstjórum) styrki úr sjóðnum eftir eigin mati. Skal styrkveiting að jafnaði fara fram að afloknu leikári við aðstæður sem sjóðstjórnin telur heppilegar til eflingar sjóðsins og til aukins skilnings á gildi leiklistar á Íslandi.

Sjóðstjórninni er þó heimilt að fella niður styrkveitingu einstök ár. Er stjórninni þá jafnframt heimilt að leggja til hliðar þá fjárhæð, sem til úthlutunar hefði mátt koma, til síðari styrkveitingar, en að öðrum kosti leggst hún við höfuðstól sjóðsins.

Til staðfestu veittum styrk hverju sinni fylgir sérstakur gripur, Stefaníustjakinn, sem Þorsteinn Gunnarsson leikari hannaði að beiðni sjóðstjórnar, og ber hann auðkenni sjóðsins og nafn styrkþega.

#### 3. gr.

Höfuðstól Minningarsjóðsins má ekki skerða, og skal sjóðstjórnin leitast við að varðveita hann þannig að hann haldi raungildi sínu á hverjum tíma.

Sjóðstjórninni heimilast að úthluta styrkjum skv. 2. gr. sem samsvarar tveimur þriðju hlutum af uppsafnaðri afkomu eftir fjármagnsliði samkvæmt ársreikningum síðustu þriggja rekstrarára sjóðsins. Þetta styrkjhahlutfall má hækka, ef meirihluti sjóðstjórnar telur sérstakar ástæður fyrir hendi.

#### 4. gr.

Eignir Minningarsjóðsins eru fyrrgreint stofnfé hans, gkr. 250.000, svo og þær gjafir og framlög og aðrar tekjur sem honum hafa borist og sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum. Fyrrum danskur hluti sjóðsins hefur verið sameinaður hinum íslenska.

Heimilt er sjóðstjórninni að gera menn eða fyrirtæki að styrktarmeðlimum sjóðsins gegn vissu gjaldi árlega, sem sjóðstjórnin ákveður hverju sinni.

Eignir Minningarsjóðsins skulu að svo miklu leyti, sem því verður við komið, hljóða á nafn Minningarsjóðsins.

Sjóðstjórnin skal varðveita eignir Minningarsjóðsins og ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum eða með öðrum hætti, sem stjórnin er sammála um að telja öruggan.

## 5. gr.

Með málefni Minningarsjóðsins fer sjóðstjórn, sem skipuð skal fimm mönnum, og séu tveir þeirra hið fæsta niðjar frú Stefaníu Guðmundsdóttur. Um skipan þeirra fer eftir síðari ákvæðum þessarar greinar.

Samkvæmt ósk stofnanda tóku þessir þrír menn sæti í fyrstu sjóðstjórninni:

Þorsteinn Ö. Stephensen leikari, formaður, Agnar Kl. Jónsson ráðuneytisstjóri, ritari, Torfi Hjartarson tollstjóri, gjaldkeri.

Samkvæmt skipulagsskránni frá 12. desember 1983 tóku þá ennfremur sæti í stjórninni tveir niðjar frú Stefaníu Guðmundsdóttur, valdir af niðjum hennar, þau Geir Borg forstjóri, og Stefanía S. Borg dóttir hans. Geir Borg var og síðar kjörinn formaður sjóðstjórnar, hinn 3. janúar 1997.

Á skipan sjóðstjórnarinnar hafa orðið eftirfarandi breytingar frá 1983, í samræmi við ákvæði gildandi skipulagsskrár:

Þorsteinn Gunnarsson leikari, fyrrum varamaður Þorsteins Ö. Stephensen, tók sæti aðalmanns við fráfall hins síðarnefnda á árinu 1991. Davíð Sch. Thorsteinsson aðalræðismaður, fyrrum varamaður Agnars Kl. Jónssonar, tók sæti aðalmanns við fráfall Agnars á árinu 1984. Hjörtur Torfason fv. hæstaréttardómari, fyrrum varamaður Torfa Hjartarsonar, tók sæti aðalmanns við fráfall Torfa á árinu 1996. Sunna Borg leikkona, tók sæti Davíðs Sch. Thorsteinssonar sem aðalmanns þegar hann sagði því lausu á árinu 2005.

Kjartan Borg fv. ræðismaður, fyrrum varamaður Geirs Borg, tók sæti aðalmanns eftir látt Geirs á árinu 2005. Hann var ennfremur kjörinn formaður sjóðstjórnar á því ári.

Jón Viðar Jónsson forstöðumaður Leikminjasafns Íslands, áður varamaður Þorsteins Gunnarssonar, tók sæti Stefaníu S. Borg sem aðalmanns, er hún vék úr því á árinu 2005 og tók að sér tímabundið starf framkvæmdastjóra. Hún tók við sætinu á ný eftir að Jón Viðar sagði því lausu á árinu 2012.

Stefanía S. Borg var kjörin stjórnarformaður á árinu 2013, þegar Kjartan Borg vék úr þeiri stöðu að eigin ósk.

Geir Borg framkvæmdastjóri, fyrrum varamaður Kjartans Borg, tók sæti hans sem aðalmanns þegar hann sagði því lausu á árinu 2015.

Gísli Örn Garðarsson leikari og leikstjóri, áður varamaður Þorsteins Gunnarssonar, tók sæti Þorsteins sem aðalmanns er hann sagði því lausu á árinu 2016.

Samkvæmt þessu og gildandi verkaskiptingu er stjórn Minningarsjóðsins nú þannig skipuð:

Stefanía S. Borg formaður, Hjörtur Torfason ritari, Geir Borg gjaldkeri, Gísli Örn Garðarsson meðstjórnandi og Sunna Borg meðstjórnandi.

Hver stjórnarnefndarmaður tilnefnir varamann fyrir sig, að höfðu samráði við aðra stjórnarmenn, og skal hann taka sæti í sjóðstjórninni í fjarveru aðalmanns eða forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í sjóðstjórninni er hann fer úr stjórninni, og tilnefnir þá nýjan varamann, og svo koll af kolli.

Tilnefning sjóðstjórnarmanna gildir ótímabundið. Segi þeir sig frá stjórnarstarfi skulu þeir tilnefna nýjan aðalmann í sinn stað með sama hætti og varamann, ef varamanns nýtur ekki við þá þegar. Hverfi menn úr stjórn án þess að tilnefna annan í sinn stað eða varamaður taki við skulu þeir aðalmenn sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann. Gildir það og ef svo fer af öðrum ástæðum, að stjórn sjóðsins verði ekki fullskipuð.

Verkaskipting sjóðstjórnarmanna skal ákvörðuð á tveggja ára fresti. Við kjör formanns ræður einfaldur meirihluti. Ef atkvæði falla jöfn, skal hlutkesti ráða. Á sama hátt skal kjósa ritara og gjaldkera.

Sjóðstjórnarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín, en útlagðan kostnað fyrir störf í þágu Minningarsjóðsins ber þeim að fá endurgreiddan af fó hans.

Ritari sjóðstjórnar bókar alla fundi í sérstaka gerðabók, er varðveita skal á rafrænu formi, og skráir þar sömuleiðis allar ákvarðanir um styrkveitingar og annað, sem stjórnin ræðir um varðandi Minningarsjóðinn og hagsmuni hans.

Ályktanir sjóðstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir Minningarsjóðinn, ef meirihluti sjóðstjórnarmanna er sammála um þær.

Nr. 587

14. júní 2017

6. gr.

Reikningsár Minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur og útborganir af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi sjóðsins innan fjögurra mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og færður inn í gerðabókina.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi hans samkvæmt 2. gr. má þó aldrei breyta.

Með skipulagsskrá þessari er skipulagsskráin nr. 790 frá 12. desember 1983 fallin úr gildi.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari lögum samkvæmt hjá sýslumanninum á Norðurlandi vestra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 14. júní 2017,*

**Björn Hrafinkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2017